

**Sp. 341. Tillaga til þingsályktunar**

um innflutning á fiskiskipum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Sigurður Kristjánsson, Thor Thors.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að gjaldeyris- og innflutningsnefnd torveldi á engan hátt innflutning á hentugum fiskiskipum, ef innflytjendur slíkra skipa þurfa ekki bankalán hér né gjaldeyrisyfirfærslur til skipa-kaupanna. Jafnframt sé innflytjendum skipanna heimilt að verja, meðan þess er þörf, helmingi þess gjaldeyris, er til fellur fyrir afla hinna nýju skipa, til afborgana þeirra utanlands.

**Greinargerð.**

Það er bersýnilegt, að fiskiskipafloti landsmanna muni brátt minnka, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að greiða fyrir því, að flutt verði inn skip, er fyllt geti þau skörð, sem í flotann hljóta að höggvast, er skip farast eða verða ófær til sjósókna fyrir elli sakir.

Það virðist og vera öruggasta ráðið gegn atvinnuleysi í landinu, að hin mikilvirku framleiðslutæki aukist fremur en rýrni, jafnhliða því, sem það er helzta ráðið til þess að vinna bug á gjaldeyrisvandræðunum.

Flutningsmenn telja vist, að til séu menn, sem hafa aðstöðu til þess að ná fiskiskipum til landsins án þess að leita til þess aðstoðar innlendra banka og án þess að fá yfirfærslu gjaldeyris á annan hátt en í tillögunni greinir. Þessir menn þurfa að fá uppörvun og fyrirgreiðslur.

Fyrir málinu verður gerð nánari grein í framsögu.